

FRÉTTABRÉF

ÁVARP FORMANNS

Kæru Góðvinir,

Blómleg uppbygging og þróun heldur áfram að eiga sér stað í Háskólanum á Akureyri sem við í Góðvinum, félagi brautskráðra nemenda við Háskólann á Akureyri og annarra sem láta sér hag hans varða, reynum eftir fremsta megni að styðja við.

Mikilvægt er að háskólinn haldi áfram að bjóða upp á öflugt, krefjandi og gott nám og hvergi má slá slöku við. Það er ósk okkar að geta haldið áfram að styðja við bakið á háskólanum okkar en til þess er stuðningur ykkar ómissandi og hvetjum við ykkur til að greiða félagsgjaldið sem mun birtast í heimabankanum ykkar í ágúst.

Ég vil nýta tækifærið og þakka stjórn Góðvina og starfsmanni fyrir gott samstarf á árinu og vona að við getum eftir félagið enn frekar svo við getum haldið áfram að styðja uppbyggingu Háskólans á Akureyri.

Eva Björk Heiðarsdóttir
formaður Góðvina HA

FRÉTTIR AF GÓÐVINUM

Í vetur hefur starfsemi okkar verið með hefðbundnu sniði líkt og síðustu ár þar sem við höfum einbeitt okkur að því að auka sýnileika félagsins innan og utan veggja háskólans.

Í ár ákváðum við að styrkja verdukt verkefni sem er uppbygging við aðgengis- og margmiðlunarmiðstöð við Háskólann á Akureyri. Flestir kennarar og nemendur háskólans þurfa að útbúa fyrirlestra og annað efni þar sem unnið er með hljóð og/eða mynd. Með slíkri miðstöð batna gæði slíks efnis og starfsaðstaða fyrir bæði nemendur og kennara til muna.

Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs HA, tók við sem starfsmaður Góðvina af Dagmar Ýr Stefánsdóttur. Dagmar er búin að vinna ótullega í þágu félagsins og í þakklætisskyni fær hún gullnælu Góðvina. Um leið og við þökkum henni fyrir frábært samstarf og óskum henni velfarnaðar í nýju starfi þá bjóðum við Kristínu velkomna til starfa.

FRAMUNDAN HJÁ GÓÐVINUM

Aðalfundur Góðvina verður haldinn fimmtudaginn 26. júní kl. 16:00 í stofu N201, Sólborg.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf og hvetjum við alla til að mæta, sérstaklega þá sem hafa áhuga á því að starfa í þágu félagsins. Kaffihressing verður í boði Lostætis.



MAPPAN

Góðvinir hafa ákveðið að fara í samstarf við Póstinn um dreifingu fréttabréfs Góðvina. Mikill kostnaður fylgir því að senda út fréttabréf af þessu tagi. Því munum við framvegis dreifa fréttabréfinu rafrænt með hjálp nýrrar leiðar sem kallast Mappan.

Mappan er ný dreifingarleið sem gerir fyrirtækjum og stofnunum kleift að senda viðskiptavinum sínum á hagkvæman og umhverfisvænan hátt allar tegundir skjala rafrænt. Mappan er einföld, ókeypis og örugg leið fyrir einstaklinga að taka á móti og halda utan um öll rafræn skjöl á einum stað. Notendavænt viðmót, auðvelt skipulag og örugg gagnageymsla gera Möppuna að frábæru tæki til að einfalda lífið.

1. Farðu á slóðina mappan.is og veldu „stofna aðgang“.
2. Sláðu inn kennitöluna þína. Lykilorð verður sent í heima-bankann þinn.
3. Skráðu þig inn með kennitölu og lykilorði.
4. Lestu fréttabréfið okkar í rólegheitum.

„ÞETTA HELST“ HJÁ HA VETURINN 2013/2014

EYJÓLFUR RÁÐINN REKTOR VIÐ HA

Dr. Eyjólfur Guðmundsson hefur verið ráðinn rektor Háskólans á Akureyri til næstu fimm ára og tekur við starfinu 1. júlí nk. Hann starfaði síðast hjá CCP sem aðalhaf fræðingur og sviðsstjóri greiningar. Áður starfaði Eyjólfur í tæp 10 ár hjá Háskólanum á Akureyri, meðal annars sem deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar. Stefán B. Sigurðsson fráfarandi rektor mun starfa áfram við háskólann sem prófessor.



BRAUTSKRÁNING Í EIGIN HÚSNÆÐI

Þann 14. júní var brautskráning Háskólans á Akureyri í fyrsta sinn haldin í glæsilegum húsnæmnum skólans. Ýmsir staðir víðsvegar um bæinn hafa verið notaðir fyrir brautskráningu og síðustu ár Íþróttahöllin. Brautskráningin þótti heppnast framur vonum en vel yfir 300 nemendur voru brautskráðir. Að lokinni brautskráningu stóðu háskólinn og Góðvinir sameiginlega að léttri hressingu sem heppnaðist mjög vel. Halldór Jóhannsson framkvæmdastjóri KEA afhenti styrki úr Háskólasjóði KEA með aðstoð Stefáns B. Sigurðssonar rektors.



GÓÐ EINKUNN Í GÆÐAÚTTEKT

Háskólinn á Akureyri hlaut góða einkunn í viðamikilli gæðaúttekt sem fór fram í vor. Úttektin var á vegum Gæðaráðs íslensku háskólanna sem starfar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Í úttektinni var akademískt starf og námsumhverfi nemenda m.a. skoðað. Nokkrir fulltrúar Góðvina HA mættu á fund með úttektarnefndinni til að ræða málefni háskólans og framlag Góðvina til skólans.



VERÐLAUN FYRIR NÝBYGGINGAR

Gláma/Kím hlaut menningarverðlaun DV í flokknum arkitektúr fyrir viðbyggingu sína við Háskólann á Akureyri í mars sl. Þá setti einnig fagnefnd Fréttablaðsins viðbygginguna í 2. sæti í úttekt sinni í mars sl.

ALÞJÓÐADAGUR HA

Frakkland, Kína, Finnland, Tékkland og fleiri lönd komu við sögu á alþjóðadeginum síðasta haust. Þar var skiptinám og kennara- og starfsmannaskiptamöguleikar kynntir og skiptinemar við háskólann settu upp kynningarbása fyrir sín lönd. Framandi matur, létt stemning og góðar kynningar sköpuðu vel heppnaðan alþjóðadag.



HA HANDHAFI GRÆNFÁNANS

Háskólinn á Akureyri varð fyrsti háskólinn á Íslandi og með þeim fyrstu í heiminum til að flagga Grænfánanum sem veittur er fyrir góða umhverfisvitund. Honum var flaggað síðasta haust og er viðurkenning á góðu starfi háskólans í umhverfismálum.



ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARHELGIN Í HA

Yfir 70 þátttakendur komu saman síðustu helgina í mars og útfærðu 20 viðskiptahugmyndir með dyggri aðstoð reyndra leiðbeinenda. Gæðafóður.is hlaut fyrstu verðlaun fyrir hugmynd sem sérhæfir sig í lífrænni sáræktun á fódri fyrir dýr. Verðlaunin fyrir fyrsta sæti var ein milljón króna.



HEIÐURSVERÐLAUN GÓÐVINA

Á brautskráningu 14. júní 2014 voru þeir nemendur sem þóttu hafa unnið gott og óeigingjart starf í þágu háskólans sérstaklega heiðraðir. Að launum fengu þeir gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir, gullsmíður, hannaði og smíðaði sérstaklega fyrir Góðvini. Fyrirmynd nælunnar er Íslandsklukkan sem stendur á háskólasvæðinu sem vísar til þeirrar árvekni sem einkennir gott háskólafólk. Stjórn Góðvina heiðraði eftirtalda nemendur við brautskráningu:

Heilbrigðisvísindasvið: Jóhanna Ósk Snædal

Hug- og félagsvísindasvið: Hafdís Erna Ásbjarnardóttir

Viðskipta- og raunvísindasvið: Leifur Guðni Grétarsson

Stefán B. Sigurðsson fráfarandi rektor HA fékk sérstök verðlaun fyrir störf sín við háskólann.



HEIMASÍÐA GÓÐVINA

Slóðin á heimasíðu Góðvina er www.godvinir.is. Á heimasíðunni er mögulegt að gerast félagi, skoða fréttir af starfsemi og myndir frá atburðum svo eitthvað sé nefnt. Við hvetjum alla brautskráða nemendur og starfsfólk sem ekki eru félagar í Góðvininum að skrá sig og styðja þannig við bakið á háskólanum. Þið finnið einnig Góðvini á Facebook!

GREIÐSLUSEÐLAR

Greiðsluseðlar verða sendir út í ágúst 2014, upphæð verður ákveðin á aðalfundi. Þeir sem fá greiðsluseðil eru fullgildir meðlimir félagsins, nýbrautskráðir kandídatar, þeir sem brautskráðust fyrir tveimur og tíu árum ásamt starfsmönnum háskólans. Um er að ræða kröfu sem birtist í heimabanka sem fellur sjálfkrafa niður um áramót. Þeir sem kjósa að greiða ekki félagsgjaldið segja sig þannig úr félaginu. Til að fá nánari upplýsingar má hafa samband við Kristínu, starfsmann Góðvina, á netfangið kristinag@unak.is

BAKHJARLAR GÓÐVINA

